

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/781****2017/EES/67/31****frá 5. maí 2017**

**um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Metýlnónýlketóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE <sup>(2)</sup> með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB <sup>(3)</sup>. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012 <sup>(4)</sup> er þess krafist að tilkynnandinn, sem fór fram á að metýlnónýlketón yrði skráð, veiti frekari upplýsingar til staðfestingar um a) forskrift fyrir efnið sem er prófað í eiturefnafræðilegum og visteiturefnafræðilegum rannsóknum á spendýrum, b) forskrift með gögnum til stuðnings um framleiðslulotuna og fullgiltar greiningaraðferðir, c) viðeigandi mat á afdrifum og hegðun efnisins og mögulegum ummyndunarefnum þess í umhverfinu og d) áhættu fyrir lagarlífverur og jarðvegslífverur. Þessum upplýsingum bar að skila fyrir 30. apríl 2013 að því er varðar a- og b-lið og fyrir 31. desember 2015 að því er varðar c- og d-lið.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(5)</sup>.
- 3) Tilkynnandinn lagði ekki fram upplýsingarnar til staðfestingar varðandi c- og d-lið í 1. forsendu fyrir 31. desember 2015. Tilkynnandinn svaraði ekki heldur bréfi frá framkvæmdastjórninni þar sem honum var gefið færi á að útskýra stöðu sína áður en ákvörðun um afturköllun efnisins yrði tekin.
- 4) Af þessum sökum þykir rétt að afturkalla samþykki fyrir metýlnónýlketóni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 118, 6.5.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtið ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 608/2012 frá 6. júlí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum denatóníumbensóati, metýlnónýlketóni og plöntuolíum/garðmintuolíu (Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 19).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

- 5) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 6) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið. Rétt þykir að takmarka hámarksgildistíma frestsins sem aðildarríkin mega veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fyrir plöntuverndarvörur sem innihalda virka efnið.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Afturköllun samþykkis**

Samþykki fyrir virka efninu metýlnónýlketóni er afturkallað.

*2. gr.*

#### **Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 238. lína, metýlnónýlketón, brott.

*3. gr.*

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metýlnónýlketón sem virkt efni eigi síðar en 26. ágúst 2017.

*4. gr.*

#### **Frestir**

Frestur, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal vera eins stuttur og unnt er og skal renna út 26. ágúst 2018.

*5. gr.*

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---